

L Ö G

um breyting á og viðauka við lög nr. 43 23. maí 1949, um innflutning og úthlutun jeppabifreiða til landbúnaðarþarfa o. fl.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

12. gr. laganna orðist svo:

Meðan innflutningur og gjaldeyrisleyfi er háð ákvörðun ríkisvaldsins, skal úthlutunarnefnd jeppabifreiða, sem um ræðir í 2. gr., einnig úthluta til bænda þeim heimilisdráttarvélum, sem til landsins eru fluttar.

2. gr.

Á eftir 12. gr. laganna komi 8 nýjar greinar, svo hljóðandi:

- a. (13. gr.) Skylt er að skrásetja allar dráttarvélar og festa á þær spjald með einkennisstöfum þeirra. Skal hver dráttarvél fá einkennisstaf bifreiða viðkomandi umdæmis, en að auki lítið d, er standi á eftir einkennisstaf umdæmisins og áður en tölustafur(ir) kemur, er einkennir vélina. Skrásetninguna annast sýslumenn með aðstoð hreppstjóra, bæjarfógetar og lögreglustjóra, og halda þeir skrásetningarbók yfir allar dráttarvélar í umdæminu og einkennisstafi þeirra. Dráttarvélaeiganda ber að tilkynna um vélina, tegund og gerð hennar, og greiða kr. 10.00 — tíu krónur — í skrásetningargjald. Skrásetningarskrifstofum er skylt að láta úthlutunarnefndinni í té um hver áramót skrá um allar dráttarvélar og jeppabifreiðar, svo og tegund þeirra og gerð, og taka sérstaklega fram, hverjar eru notaðar til landbúnaðarstarfa.
- b. (14. gr.) Stjórnunum búnaðarfélaga ber, hverri á sínu félagssvæði, að taka á móti umsóknum bænda á dráttarvélum, og fer með þær, eftir því sem við á, eins og fyrir er mælt í 5. gr. Skýrslur um umsóknir bænda um dráttarvélar og jeppabifreiðar skulu komnar til úthlutunarnefndar fyrir lok nóvembermánaðar ár hvert, og skal nefndin vinna að því, þegar innflutningur er ákveðinn, að umsóknirnar séu teknar til greina þannig, að sem réttust hlutföll haldist milli dráttarvéla og jeppabifreiða.
- c. (15. gr.) Innflutningsyfirvöldin ákveða tölu þeirra heimilisdráttarvéla, sem leyft er að flytja til landsins, og tilkynna það úthlutunarnefndinni, sem síðan skiptir þeim dráttarvélum milli umsækjenda. En ákvörðun um það, hvaða fáanlegar vélategundir eru fluttar inn, er á valdi þeirra einstaklinga, sem fá úthlutað vélum frá nefndinni, sbr. 19. gr.

Við skiptin skal nefndin hafa hliðsjón af þeim skýrslum, er fyrir liggja. Hún skal taka tillit til þess, hve margar dráttarvélar og jeppar, sem notaðir eru til landbúnaðarstarfa, eru á félagssvæðinu.

- d. (16. gr.) Óheimilt er fyrst um sinn að úthluta heimilisdráttarvél til einstaklings, sem áður hefur fengið slíka vél eða á hana í nothæfu ástandi. Sama gildir, ef hann á jeppabifreið og hefur fengið undanþágu frá bifreiðaskatti.
- e. (17. gr.) Nú fær einhver úthlutað dráttarvél eða jeppabifreið og einhverra orsaka vegna kaupir hana ekki á því ári, sem leyfið er veitt fyrir. Skal hann þá tilkynna það úthlutunarnefnd, sem þá úthlutar vélinni eða bifreiðinni til annars umsækjanda innan sama búnaðarfélags.

Ekki má eigandi dráttarvélar eða jeppabifreiðar selja hana, nema með samþykki stjórnar búnaðarfélags, þar sem hann er búsettur.

- f. (18. gr.) Að skiptum loknum tilkynnir nefndin hlutaðeigandi umsækjendum úthlutun vélanna og bifreiðanna.
- g. (19. gr.) Sá, sem tilkynningu fær um úthlutun dráttarvélar eða jeppabifreiðar, skal afhenda tilkynninguna þeim innflytjanda, er flytur inn þá dráttarvéla- eða jeppabifreiðategund, er hann óskar að fá. Innflytjandinn afhendir svo þær tilkynningar, sem honum hafa borizt, þeim valdhafa, er gjaldeyri úthlutar, og skal hann eiga rétt á gjaldeyrisleyfi samkvæmt því.
- h. (20. gr.) Úthlutunarnefnd jeppabifreiða skal í októbermánuði ár hvert gera áætlun um það, hvað er nauðsynlegt að flytja inn á næsta ári af varahlutum til jeppabifreiða og dráttarvéla, sem til eru í landinu, og einnig innflutning á nyt-samlegustu verkfærum, sem aflvélnar geta dregið við vinnu og flutninga, svo að þær komi að sem beztum notum. Þessi áætlun sé send innflutningsyfirlögunum, og ber að leggja á það ríka áherzlu, að þessi innflutningur fáiast.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og skal meginmál þeirra fært inn í lög nr. 43 frá 23. maí 1949 og lögin gefin út samkvæmt því í einu lagi með fyrirsögninni: Lög um úthlutun jeppabifreiða og heimilisdráttarvéla.

Gjört að Bessastöðum, 27. janúar 1951.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Hermann Jónasson.

L Ö G

4

27. jan.

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja fjórar jarðir
og landspildu í opinberri eigu.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja eftirtalдар jarðir, að fengnum meðmælum hlutaðeigandi hreppsnefnda og sýslunefnda og skuldbindingu kaupenda um, að þeir geri jarðirnar að ættaróðali.

1. Þjóðjörðina Húsanes í Breiðuvíkurbreppi í Snæfellsnessýslu ábúanda jarðarinnar, Jóni Lárussyni.
2. Kirkjujörðina Skoruvík í Sauðaneshreppi í Norður-Þingeyjarsýslu ábúandanum, Birni Kristjánssyni.
3. Þjóðjörðina Bakkagerði í Svarfaðardal í Eyjafjarðarsýslu ábúandanum, Gesti Vilhjálmsyni.
4. Þjóðjörðina (eyðijörðina) Birgisvík í Árneshreppi í Strandasýslu.

Enn fremur heimilast ríkisstjórninni að selja Þórarni Guðjónssyni, Ásgarði í Hvolhreppi, 10 hektara spildu úr Tjaldhólalandi í Hvolhreppi í Rangárvallasýslu, sem skógrækt ríkisins keypti árið 1943, að fengnu samþykki skógræktar ríkisins og að því tilskildu, að land þetta verði lagt undir nýbýlið Ásgarð.